



Helstu verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 2021



| Stjórnarráð Íslands
| Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
Sími: 545 8200 | srn@srn.is

Maí 2021 | ISBN: 978-9935-494-18-4

© 2021 – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

stjornarradid.is



Ráðuneytið 2021

Verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þjóna öllum sviðum samfélagsins og mynda undirstöðu búsetu, heilbrigðis og velsældar. Öflug sveitarfélög, góðar samgöngur og stafræn samskipti eru forsendur þess að hér búi sjálfstæð nútímapjóð. Þess vegna leitum við sífellt nýrra leiða til framfara, umbóta og nýsköpunar. Markmiðið með útgáfu þessari er að kynna helstu verkefni ráðuneytisins á árinu 2021 fremur en að um sé að ræða tæmandi upptalningu.

Það er löng og rík hefð fyrir stefnumótun og áætlanagerð í ráðuneytinu. Samgönguáætlun er gott dæmi um það. Kjarninn í þeirri vinnu eru fjórar áætlanir: samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun og áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Við höfum um nokkurt skeið unnið að því að innleiða nýja hugsun og mikilvægar umbætur með samhæfingu þessara áætlana. Áætlanirnar eru unnar eftir bestu aðferðum stefnumótunar. Í því felst m.a. að við vinnum að stöðumati málaflokka og mótun stefnu, svokallaðri grænbók og hvítbók, í vel skilgreindu ferli í viðtæku samráði. Með sambærilegum áherslum, aðgerðum og jafnvel mælikvörðum vinna áætlanirnar saman að áherslumálum ráðherra fyrir samfélagið.

Ráðuneytið vinnur að fjölmörgum verkefnum hverju sinni. Ráðherra setti 25 mál í forgang auk 4 umbótaverkefna sem unnið hefur verið að á kjörtímabilinu í takt við stjórnarsáttmálann sem og stefnur og áætlanir ráðuneytisins í málaflökkum þess.

Stóru vörðurnar í starfi ráðuneytisins árið 2021 eru margar. Þar má nefna að verkefninu Ísland ljóstengt verður lokið, netöryggisstefna er í mótun, unnið verður áfram að því að efla sveitarstjórnarstigið, meðal annars með sameiningu sveitarfélaga og endurskoðun tekjustofna, að ógleymdum stórum framkvæmdum í samgöngum. Í þessu kynningarriti er fjallað nánar um öll þessi verkefni og fjölda annarra með skýringarmyndum og töflum.

An aerial photograph of a vast, braided river system, likely a glacial outwash plain, with multiple channels and sandbars. In the background, a range of rugged mountains is visible under a cloudy sky. The entire image is overlaid with a semi-transparent dark blue filter.

Uppbygging og starfsemi ráðuneytisins

Stefnupíramídi ráðuneytisins

Starfsemi ráðuneytisins er mikilvægur hlekkur í þjónustu stjórnvalda við samfélagið. Starfsemin og áherslur endurspeglast í stefnupíramíða ráðuneytisins.

Þar er að finna hlutverk og gildi ráðuneytisins sem og sameiginlega framtíðarsýn og meginmarkmið allra málaflokka. Píramíðinn sýnir enn fremur tengsl mála við stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

Gildin okkar eru mikilvæg leiðarljós í daglegri starfsemi:

Framsýni


Við sýnum frumkvæði að umbótum, sýnum framsækni og erum viðsýn. Við leitum allra leiða til að bæta stjórnsýslu og þjónustu ráðuneytisins.

Árangur

Við vinnum af fagmennsku og metnaði, góð þjónusta ber árangur. Við erum innan fjárheimilda og höfum hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Traust

Við leggjum áherslu á heiðarleika og skilvirkni, erum réttlát í samskiptum við almenning og eigum góð samskipti við hagsmunaaðila. Stjórnsýsla ráðuneytisins er opin.



Hlutverk

Traust, leiðandi og framsækið stjórnvald.

Gildi

Framsýni – Árangur – Traust

Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.


Meginmarkmið

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

Markmið – Mælikvarðar – Aðgerðir

Stefnumið ráðherra, áætlanir ráðuneytisins og dagleg verkefni.

Skipurit




Árangursdrifið starf

Árangri er náð með markvissri áætlanagerð, eftirfylgni með innleiðingu og uppgjörum.

- [Fagáætlanir í öllum málaflokkum](#)
- Þriggja ára áætlanir stofnana
- Starfsáætlanir skrifstofa
- Verkefnisáætlanir einstakra verkefna
- [Upplýsingagátt um árangur áætlana](#)
- Árangursuppgjör/ársskýrslur stofnana
- [Ársskýrsla ráðherra](#)

TEYMISVINNA UM FJÖLBREYTT MÁLEFNI



Samvinna um fjölbreytt málefni

Samvinna er í teymum og starfshópum þvert á ráðuneytið um fjölbreytt málefni. Meðal verkefna ársins má nefna að áfram verður unnið að samhæfingu áætlana eftir bestu aðferðafræði stefnumótunar. Þá er framundan á árinu frekari greining á einföldun regluverks og áframhaldandi þróun verklags við eftirlit með stofnunum.






Stefnumótun 2021

Samhæfing stefna og áætlana 2021

Næstu skref samhæfingar á árinu eru að fylgja eftir frumvarpi um einföldun og samhæfingu stefna og áætlana verði það að lögum á Alþingi. Frumvarpið hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar einfaldar og sameinar frumvarpið regluverk um gerð stefna og áætlana málaflokka byggðamála, samgangna og fjarskipta. Hins vegar er samhæfing gerð að kröfu og vinnsla og framsetning stefna og áætlana uppfærð í takt við nýja tíma. Frumvarpið er í meðferð Alþingis.

Annað verkefni sem snýr að samhæfingu áætlana er að þær séu unnar á samræmdan hátt en ákveðin samlegð fæst með því að móta áætlanir á svipuðum tíma. Alla stefnumótun og áætlanagerð er því verið að færa yfir í svokallaðan sporbaug stefnumótunar sem er sú aðferðafræði stefnumótunar sem Stjórnarráðið hefur komið sér saman um að nota og er samkvæmt bestu aðferðum.




Stefnumótunarverkefni

Í VINNSLU 2021

Efni áætlana er unnið inn í fjármálaáætlun í hvert sinn. Árlega fer fram mat á framkvæmd aðgerða og tekin staða á mælikvörðum og kynnt í ársskýrslu ráðherra. Þá kemur efni áætlana og stöðutaka einnig fram í árangursgátt ráðuneytisins, svokölluðum Vegvísi. (krækja)

Í VINNSLU 2021

Hvítbók um byggðaáætlun verður sett í samráðsgátt stjórnvalda í vor. Ráðherra mun á vörpingi leggja fram á Alþingi þingsályktunartillögu um nýja byggðaáætlun fyrir 2021–2035. Stefna um net- og upplýsingaöryggi verður kynnt í ríkisstjórn vorið 2021.



Í VINNSLU 2021

Vinna við uppfærslu þriggja áætlana hefur verið skipulögð, sbr. lög um áætlanirnar. Það eru byggða-, samgöngu- og fjarskiptaáætlun. Þá verður vinna við gerð net- og upplýsingaöryggisstefnu skipulögð.

Í VINNSLU 2021

Unnið verður að gerð stöðumats eða svokallaðra grænbóka fyrir samgöngu- og fjarskiptaáætlun sem og grænbókar fyrir málefnið net- og upplýsingaöryggi. Stefna um net- og upplýsingaöryggi mun verða hluti af fjarskiptaáætlun. Grænbók um byggðamál er í samráðsgátt stjórnvalda frá desember til febrúar.




Hlutverk skrifstofa ráðuneytisins og helstu verkefni þeirra 2021



Skrifstofa samgangna

Meginhlutverk skrifstofunnar felst í að stuðla að því að skapa trausta og örugga innviði til að mæta þörfum samfélagsins. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun á sviði samgöngumála, þróun löggjafar og regluverks og margvíslegri framkvæmd laga sem varða málaflokkinn í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar.

MÁLEFNI



STOFNANIR OG HLUTAFÉLÖG



Helstu verkefni 2021



ÝMIS VERKEFNI

- Samgönguáætlun stefnumótun – lokið við stöðumat málaflokks (grænbók) og vinna hafin við mótun stefnu (hvítbókar)
- Sundabraut – skýrslu og tillögum um legu Sundabrautar fylgt eftir
- Verkefnastjórnsýsla – verklag mótað við undirbúning framkvæmda
- Eftirlit með umferðarmannvirkjum – útfært í samstarfi við Samgöngustofu og Vegagerðina
- Unnið að stafrænu ferli ökunáms
- Unnið að undirbúningi nýrrar flugstöðvar í Reykjavík
- Þátttaka í EGNOS-kerfi ESB (leiðrétting fyrir gervihnattaleiðsögu)
- Þingsályktun um orkuskipti í flugi á Íslandi
- Ný reglugerð um öryggiskröfur í jarðgöngum
- Innleiðing samgöngusáttmálans á höfuðborgarsvæðinu
- Innleiðing samvinnuverkefna (PPP)
- Útfærsla fjármögnunar jarðgangnaáætlunar
- Úttekt á notkun og gerð slitlags á vegum



LAGAUMSÝSLA


- Frumvarp til nýrra loftferðalaga
- Frumvarp til nýrra laga um áhafnir skipa
- Frumvarp til nýrra laga um leigubifreiðaakstur
- Frumvarp til nýrra skipalaga
- Frumvarp til nýrra laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð
- Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi
- Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum



Skrifstofa stafræna samskipta

Meginhlutverk skrifstofunnar er að stuðla að því að tengja fólk, byggðir og samfélög með öruggum, stafrænum samskiptum. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun, þróun löggjafar og regluverks og margvíslegri framkvæmd laga sem varða málaflokkinn í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar.

MÁLEFNI



STOFNANIR OG HLUTAFÉLÖG



Helstu verkefni 2021



ÝMIS VERKEFNI

- Ísland ljóstengt, gengið frá síðustu samningum við sveitarfélög um ljósleiðaravæðingu dreifbýlis
- Fjarskiptaáætlun stefnumótun – lokið við stöðumat málaflökks (grænbók) og vinna hafin við mótun stefnu (hvítbókar)
- Mótun nýrrar stefnu um net- og upplýsingaöryggi
- Netöryggisverkefni:
 - Samkomulag um GOV-CERT þjónustu netöryggissveitar við Stjórnarráðið
 - Netöryggismánuður
 - Netöryggiskeppni 2021
 - Mat á stöðu netöryggis og æfingar
 - Heildrænt áhættumat á netöryggisveikleikum
 - Fræðsluáttak vegna viðkvæmra hópa í samfélaginu
 - Samningur um aðild að þekkingarsetrinu Center for Cyber and Information Security (Norski tækniháskólinn)
- Umbótaverkefni varðandi fasteignaskrá/mannvirkjaskrá



LAGAUMSÝSLA


- Frumvarp til nýrra heildarlaga um fjarskipti – Kóðinn
- Frumvarp til laga um Fjarskiptastofu
- Frumvarp um lénamál
- Undirbúningur fyrir innleiðingu nýrra Evrópugerða m.a. nýrrar netöryggistilskipunar (NISD2)



Skrifstofa sveitar- félaga og byggðamála

Meginhlutverk skrifstofunnar felst í að stuðla að eflingu sveitarstjórnarstigsins og sjálfbærni byggða um land allt. Skrifstofan hefur umsjón með stefnumótun í sveitarstjórnar- og byggðamálum, þróun löggjafar og regluverks og margvíslegri framkvæmd laga sem varða málaflokkana. Jafnframt annast skrifstofan eftirlit og umsjón með stjórnarsýslu og skipulagi sveitarfélaga.

MÁLEFNI



STOFNANIR OG HLUTAFÉLÖG



Helstu verkefni 2021



ÝMIS VERKEFNI

- Lágmarksíbúafjöldi verði lögbundinn - frumvarp
- Fjárhagslegur stuðningur við sameiningu sveitarfélaga
- Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa – stefnt að aðgerðaráætlun 2022
- Efla stafræna stjórnsýslu sveitarfélaga
- Grundvöllur vatnsgjalds skilgreindur
- Greining á fasteignamati allra orkumannvirkja
- Vinna hefst við endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- Endurskoðun á starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19
- Höfuðborgarstefna mótuð
- Kynningarefni fyrir sóknaráætlanir útbúið
- Endurnýjun Norðurslóðaáætlunar ESB
- Tilfærsla póstmála til Byggðastofnunar – skipulagsbreytingar og eftirfylgni
- Mótun nýrrar byggðaáætlunar – á áætlun





Skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga

Skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga hefur víðtæka aðkomu að verkefnum ráðuneytisins og krefjast nánast öll verkefni samvinnu þvert á skrifstofur. Gegnir því skrifstofan miklu samhæfingarhlutverki.

MÁLEFNI



Helstu verkefni 2021

ÝMIS VERKEFNI

- Yfirsýn yfir stefnur og áætlanir. Skrifstofan ber ábyrgð á að stuðla að samhæfingu, samræmingu og gæðum stefna og áætlana
- Ábyrgð á gerð og gæðum LOF afurða, s.s. fjármálaáætlunar, fjárlaga, fjáráukalaga, 3 ára áætlunum stofnana og ársskýrslu ráðherra.
- Framkvæmd fjárlaga, meðal annars samþykkt rekstraráætlana stofnana og eftirlit með útgjöldum þeirra. Skrifstofan sér um greiningu á fjárhagsveikleikum einstakra stofnana og viðbrögð til að tryggja að rekstur verði í samræmi við fjárheimildir og lög um opinber fjármál
- Rekstur ráðuneytisins, m.a. gerð og eftirfylgni rekstraráætlunar, innkaup, rekstur húsnæðis og ferðauppgjör
- Móttaka viðskiptavina, afgreiðsla pósts og símsvörun
- Umbætur á ýmsum sviðum og ábyrgð á gæðahandbók ráðuneytisins




- Mannauðsmál, s.s. ráðningar og móttaka starfsmanna, starfslok og viðhorfskannanir. Einnig e.a. mannauðsmál er snúa að forstöðumönnum sem heyra undir ráðherra
- Þjónusta við ráðherra og ráðuneytisstjóra, m.a. unnið með fyrirspurnir frá Alþingi, nefndir og ráð og ráðstöfunarfé ráðherra
- Meðferð og vinnsla stjórnsýsluúrskurða ráðuneytisins. Skrifstofan er jafnframt með yfirsýn yfir og er ráðgefandi um eftirlit með stofnunum og annast samskipti við eftirlitsaðila með stjórnsýslunni
- Upplýsingamiðlun og samskipti. Það innifelur til að mynda samskipti við fjölmiðla, skipulagningu viðburða og umsjóna með vef ráðuneytisins og Fésbók. Unnið er eftir samskiptastefnu og kynningaráætlun hvers árs




Hlutdeild málaflokka ráðuneytisins í ríkisrekstri og þróun heildargjalda

Fjárlög 2021 | Hlutfall samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í m.kr.



Þróun heildargjalda málaflokka SRN 2017–2020 | (m.kr.)



Efnahagsaðgerðir stjórnvalda á árinu 2020 voru umfangsmiklar. Framlag til samgöngumála var aukið um 6.650 m.kr. í fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar. Í fjárukalögum var lög- bundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækkað um 2.036 m.kr. í kjölfar uppfærslu tekjuáætlunar. Til að mæta samdrætti veitti ríkissjóður 2.140 m.kr. styrk til jöfnunarsjóðs til nýrra verkefna, nettó viðbótarframlag til sjóðsins jókst um 229 m.kr. á árinu. Í byggðamálum var veitt framlag upp á 801 m.kr. í gegnum fjárfestingarátak ríkisstjórnarinnar og fjárukalög. Í málaflokka fjarskipta var fjárheimild aukin um 600 m.kr. og að lokum var milli- landaflug styrkt um 347 m.kr. með það að markmiði að halda skilgreindum flugleiðum til og frá landinu opnum á meðan faraldur geisar um heiminn.



Verkefni stjórnarsáttmála 2021

VERKEFNI	STAÐA
Auka samráð við sveitarfélög um verkefni þeirra og fjárhagsleg samskipti	Lokið
Styrkja sóknaráætlanir landshluta	Lokið
Efla hinar dreifðu sjávarbyggðir og viðhalda fjölbreytni í vaxtarmöguleikum til að tryggja afkomuöryggi þeirra	Lokið
Hefja samstarf við sveitarfélögin um gerð þjónustukorts	Lokið
Hraða uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum með hvort tveggja nýframkvæmdum og viðhaldi	Lokið
Gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðanna	Lokið
Byggja upp almenningssamgöngur um allt land	Komið vel á veg
Styðja við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Lokið
Huga að möguleikum til að opna fleiri hlið inn til landsins og fjölga þannig þeim svæðum sem geta notið góðs af ferðapjónustu	Lokið
Auka möguleika gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli	Komið vel á veg
Ljúka ljósleiðaravæðingu landsins árið 2020	Komið vel á veg
Fela ráðuneytum og stofnunum að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er	Komið vel á veg

